



Öldrunarheimili Akureyrar

Reynsla af Alfa hugbúnaðinum á Öldrunarheimilum Akureyrar

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Markmið verkefnisins	3
Alfa - lyfjaumsýsla	4
Tímasparnaður, aukið öryggi og bætt þjónusta við íbúa	4
Tækifæri til minnkunar á lyfjalager	5
Bætt upplýsingaflæði	5
Aukin starfsánægja	5
Framkvæmd verkefnis	7
Aðferðir	7
Þátttakendur	7
Tímamæling lyfjapantana	8
Viðtöl	8
Niðurstöður - tímamæling lyfjapantana	9
Niðurstöður - fyrri hluti - reynsla af Alfa	10
Tímasparnaður og þægindi	10
Öryggi	11
Betri lagerstaða	11
Starfsánægja	12
Reynsla af hugbúnaðinum	12
Niðurstöður - seinni hluti - væntingar til Alfa	14
Ályktanir	16
Samantekt	18
Viðauki 1 - Upplýsingar um verkefnið	19
Viðauki 2 - Upplýsingar um verkefnið	20
Viðauki 2 - Samþykkisyfirlýsing	21
Viðauki 3 - Viðtalsrammi eitt	22
Viðauki 4 - Viðtalsrammi tvö	23
Viðauki 5 - Eyðublað um lyfjapantanir	24

Markmið verkefnisins

Starfsfólk hjúkrunarheimila hefur mörg mikilvæg hlutverk á öldrunarheimilum. Meðal þessara hlutverka er lyfjaumsýsla, en undir hana flokkast meðal annars tiltekt, gjöf, skráning og pantanir lyfja. Lyfjaumsýsla getur verið tímafrek og í því samhengi hefur verið rætt hvort hægt væri að innleiða hugbúnað sem sæi um hluta þessara verkefna. Þannig gæti starfsfólk nýtt tíma sinn betur með íbúum hjúkrunarheimilanna.

Í desember 2014 hófst samstarf á milli Öldrunarheimila Akureyrar, Þulu - Norræns hugvits ehf. og Lyfjavers. Samstarfið felst í tilraunaverkefni sem snýst um að innleiða hugbúnað sem inniheldur meðal annars rafræna lyfjaskráningu og lyfjalager. Með tilkomu hugbúnaðarins sjá samstarfsaðilar fram á framleiðniaukningu og hagræðingu í rekstri, ásamt því að gæði og öryggi í starfi aukist. Hugbúnaðurinn, sem gengur undir nafninu Alfa, var tekinn inn á tveimur heimilum innan Öldrunarheimila Akureyrar, Austur- og Vesturhlíðum, til prófunar.

Vegna innleiðingar Alfa var ákveðið að hefjast handa við að meta árangur og ávinning tilraunaverkefnisins. Markmið þessarar skýrslu er að taka saman frumniðurstöður á því hvernig verkefnið hefur reynst Öldrunarheimilum Akureyrar hingað til. Niðurstöðurnar nýtast í frekari þróun á hugbúnaðinum og koma sér vel fyrir Öldrunarheimili Akureyrar, sem og aðrar heilbrigðisstofnanir sem munu koma til með að nýta sér hugbúnaðinn síðar.

Alfa - lyfjaumsýsla

Tímasparnaður, aukið öryggi og bætt þjónusta við íbúa

Talið er að með notkun Alfa hugbúnaðarins muni sparast töluverður tími í tengslum við lyfjaumsýslu, en slíkur tímasparnaður getur hlaupið á hundruðum þúsunda króna.

Hægt er að taka dæmi af Landspítalanum. Talið er að fyrir hverjar 5 mínútur á dag sem sparast á hverjum deildarlag Landspítalans sé hægt að fækka klukkustundum sem nýttar eru í lyfjaumsýslu á deildarlagum um 3.300. Þann tímasparnaður er hægt að meta til 15 milljóna króna á ári hverju.

Lyfjaumsýsla, svo sem tiltekt, gjöf, skráning og pantanir lyfja, getur verið tímafrek og samkvæmt hjúkrunarfólki er líklega mestum tíma innan lyfjaumsýslu varið í lyfjapantanir sem gerðar eru handvirkt. Handvirkar lyfjapantanir krefjast þess að hjúkrunarfólk telji lyfin, ákveði hversu mikið vantar af hverju lyfi, handskrifi pöntunina og faxi hana síðan til Lyfjavers. Með Alfa hugbúnaðinum verða skráning og pantanir lyfja rafræn. Það þýðir að í hvert skipti sem lyf er skráð út eða inn af lager breytist lagerstaðan samstundis og sendir um leið skilaboð til Lyfjavers hvaða lyf vantar. Á tveggja vikna fresti kemur lyfjasending frá Lyfjaveri með þeim lyfjum sem vantar en í því felst töluvert mikill tímasparnaður.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) eru handvirkar lyfjapantanir gerðar á tveggja vikna fresti. Ekki hefur áður verið gerð nákvæm athugun á því hversu langan tíma lyfjapantanir taka, en einn hjúkrunarfræðingur giskaði á að það tæki um það bil klukkustund í hvert skipti. Öldrunarheimili Akureyrar skiptast í fimm heimili; Vesturhlíð, Asturhlíð, Aspar- og Beykihlíð, Eini- og Grenihlíð og Lögmannshlíð. Fyrstu fjögur heimilin eru staðsett innan ÖA í Austurbyggð en hið fimmta er staðsett í Lögmannshlíð. Ef gengið er út frá því að hver lyfjapöntun taki eina klukkustund þá er það tvær klukkustundir á mánuði á hverju heimili fyrir sig. Það eru þá 120 klukkustundir sem fara í lyfjapantanir á heimilunum fimm samtals á ári hverju. Með Alfa hugbúnaðinum væri mögulega hægt að hagræða, ásamt því að spara starfsfólki töluverðan tíma sem má í staðinn nýta í önnur verkefni, svo sem umhyggju við íbúa og betri þjónustu.

Handvirkar lyfjapantanir bjóða upp á ýmis mannleg mistök og það þarf ekki nema litlar truflanir til að ferlið fari úr skorðum. Það segir sig sjálfst að með rafrænu kerfi Alfa hugbúnaðarins eykst öryggið á hjúkrunarheimilinu á meðan það dregur úr líkum á mannlegum mistökum, svo sem vitlaus lyf séu pöntuð inn eða skráð út.

Í ljósi ofantaldra atriða álykta amstarfsaðilar tilraunaverkefnisins að þegar upp er staðið muni notkun Alfa hugbúnaðarins leiða til meira en 5 mínútna tímasparnaði á dag, ásamt því að auka þægindi og öryggi á ÖA.

Tækifæri til minnkunar á lyfjalager

Það er ekki alltaf auðvelt fyrir hjúkrunarfræðinga að átta sig á því hversu mikið af lyfjum þarf að panta í hvert sinn og því kemur fyrir að til er umframmagn lyfja á lager. Að auki eru nokkrir hjúkrunarfræðingar sem sjá um pantanir lyfja á hverju heimili. Því getur það gerst að tveir hjúkrunarfræðingar panti fyrir slysi sama lyfið og þá verði til umframmagn lyfja á lager. Þegar Alfa hugbúnaðurinn er tekinn inn í fyrsta skipti er hámarks- og lágmarksmagn lyfja skráð í tölvukerfið. Það er, hámark og lágmarksmagn allra lyfja sem hvert heimili vill eiga á lager. Þegar lyf eru skönnuð inn og út úr kerfinu uppfærist lagerstaðan sjálfkrafa og Alfa sendir Lyfjaveri upplýsingar um hvaða lyf er þörf á að panta. Þannig eykur Alfa líkur á því að lyf séu tiltæk á lager í réttu magni og því ætti lagerstaða heimilanna að minnka töluvert.

Á Íslandi berast árlega mörg tonn af fyrndum lyfjum til fyrningarstöðva en í því felst augljóslega mikil sóun. Mikið magn fyrndra lyfja koma frá heilbrigðisstofnunum, svo sem hjúkrunarheimilum. Það er talið augljóst að með notkun Alfa dregur úr því að lyf fyrnist á heimilunum en í því felst gífurlegur sparnaður.

Bætt upplýsingaflæði

Starfsfólk á mismunandi heimilum Öldrunarheimila Akureyrar á gjarnan í samskiptum sín á milli, oft varðandi lyfjaumsýslu. Þessi samskipti felast gjarnan í símtölum eða ferðum yfir á önnur heimili til að athuga hvort ákveðin lyf séu til þar. Eins og kom fram hér fyrir ofan er eitt heimili ÖA staðsett í Lögmannshlíð og því kemur fyrir að það þurfi að fá bílstjóra til þess að sækja þangað lyf.

Með tilkomu Alfa hugbúnaðarins munu upplýsingar um lagerstöðu liggja fyrir í tölvukerfinu. Þannig geta hjúkrunarfræðingar athugað lagerstöðu annarra heimila og sótt lyf þangað, ef svo ber undir. Þannig sparast óþarfa símtöl og ferðir á önnur heimili.

Aukin starfsánægja

Undanfarið hefur verið fjallað um að heilbrigðisstarfsfólk þurfi æ oftar að kljást við streitu og álag í störfum sínum. Ýmisleg verk tengd lyfjaumsýslu, til dæmis handvirkar lyfjapantanir geta

aukið það álag sem starfsfólk er undir. Í Alfa hugbúnaðinum felst aukinn stuðningur við verkferla og minnkun á handvirkri vinnu en það leiðir til þess að starfsfólk er betur í stakk búið til að sinna vinnunni sem leiðir til aukinnar ánægju í starfi. Ánægt starfsfólk vinnur vinnu sína betur og gefur meira af sér en óánægt starfsfólk. Samstarfsaðilar tilraunverkefnisins hafa því lagt til að notkun Alfa hugbúnaðarins geti því aukið starfsánægju starfsfólks, en í því felast mikilvæg verðmæti sem erfitt er að meta til fjár.

Framkvæmd verkefnis

Aðferðir

Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar við framkvæmd verkefnisins og gagnasöfnun var í formi rýnihópa. Rýnihópar byggjast á spjalli við tvo eða fleiri einstaklinga með það markmið að skoða mismunandi viðhorf og reynslu þeirra. Notast var við opið viðtalsform sem felur í sér að rannsakandi hefur ákveðið efni í huga en styðst við viðtalsramma til að fá fram svör við spurningum. Fyrst voru tekin rýnihópaviðtöl við starfsfólk sem hafði reynslu af Alfa hugbúnaðinum og síðan við starfsfólk sem hafði ekki ennþá reynslu af hugbúnaðinum.

Að auki var notast við meginlega mælingu á hversu langan tíma lyfjapantanir taka að meðaltali, en eins og áður kom fram eru þær líklega tímafrekasti hluti lyfjaumsýslu. Mælingin var borin saman við það sem fram kom í viðtölunum og þannig náðist nákvæmari grunnmæling á hversu langan tíma handvirkar lyfjapantanir taka. Þannig má fá hugmynd um hversu mikill tími sparast við notkun Alfa.

Þátttakendur

Fyrsti hluti - reynsla af Alfa

Í fyrsta hluta var rætt við hjúkrunarfólk af þeim heimilum sem höfðu reynslu af Alfa hugbúnaðinum. Leitað var til forstöðumanna á Austurhlíðum og Vesturhlíðum til að fá upplýsingar um mögulega þátttakendur. Skilyrði fyrir þátttöku var hjúkrunarfólk með töluverða reynslu af hjúkrunarstörfum sem væri á vakt á sama tíma. Forstöðumennirnir bentu á tvo hjúkrunarfræðinga á hvoru heimili, sem allir samþykktu að taka þátt. Ekki var hægt að finna tíma þar sem allir fjórir hjúkrunarfræðingarnir voru á vakt á sama tíma svo ákveðið var að hafa tvö viðtöl með tveimur þátttakendum hvert.

Annar hluti - væntingar til Alfa

Í öðrum hluta var rætt við hjúkrunarfræðinga af heimili sem hafði ekki innleitt Alfa hugbúnaðinn. Leitað var til forstöðumanns á einu heimilinu til að fá upplýsingar um mögulega þátttakendur. Skilyrði fyrir þátttöku var hjúkrunarfólk með töluverða reynslu af hjúkrunarstörfum sem væri á vakt á sama tíma. Forstöðumaður benti á tvo hjúkrunarfræðinga, sem samþykktu að taka þátt. Þegar viðtalið var afstaðið var óformlega rætt við hjúkrunarfræðinga á öðru heimili sem hafði ekki innleitt Alfa hugbúnaðinn. Þar kom í ljós að væntingar hjúkrunarfræðinganna til Alfa staðfestu niðurstöður viðtalsins.

Tímamæling lyfjapantana

Þar til gerðum eyðublöðum var dreift á þau heimili sem ekki höfðu tekið inn Alfa hugbúnaðinn. Þessi heimili voru Eini- og Grenihlíð, Aspar- og Beykihlíð og Lögmannshlíð. Hjúkrunarfræðingar sem sáu um lyfjapantanir voru beðnir að skrá hjá sér upplýsingar um lyfjapantanir á tímabilinu 10. - 30. desember, eða alls tvær pantanir. Þessar upplýsingar voru dagsetning lyfjapöntunar, nafn heimilis og tími frá því lyfjapantanir hófust og þar til þeim var lokið. Einnig var hjúkrunarfólk beðið um að merkja inn hversu oft á tímabilinu það þurfti að senda leigubílstjóra í apótek eða á Hlíð/Lögmannshlíð að sækja lyf.

Viðtöl

Rýnihópaviðtöl við hjúkrunarfræðinga sem höfðu reynslu af hugbúnaðinum fóru fram dagana 7. og 9. desember en viðtalið við hjúkrunarfræðinga sem höfðu ekki reynslu af hugbúnaðinum 14. desember. Þátttakendur fengu upplýsingaskjöl þar sem tilgangur verkefnisins var útskýrður. Í ljósi þess að hjúkrunarfræðingarnir voru á vakt þegar viðtölin voru framkvæmd var ákveðið að viðtölin yrðu tekin í nágrenni heimilanna. Þannig var stutt að fara ef eitthvað kæmi upp. Tvö viðtöl voru tekin í setustofum heimilanna og eitt á skrifstofu inni á því heimili. Þar sem efni viðtalsins innihélt hvorki persónulegar upplýsingar né trúnaðarmál var ákveðið að það gerði ekkert til þó tvö viðtöl færu fram í setustofum heimilanna. Viðtölin voru haldin á þeim tíma dags þegar yfirleitt er rólegt á heimilunum svo að utanaðkomandi truflun yrði lítil. Þátttakendur skrifuðu undir samþykkisyfirlýsingu fyrir þátttöku í verkefninu þar sem þeim var gerð grein fyrir því að fullum trúnaði væri heitið. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar í viðtölunum, en hann var mótaður eftir áhersluatriðum viðtalsins. Viðtölin við hjúkrunarfræðinga sem höfðu reynslu af hugbúnaðinum tóku u.þ.b. hálf tíma, en viðtalið við þá sem ekki höfðu reynslu af hugbúnaðinum í kring um korter. Viðtölin voru hljóðrituð og að þeim loknum voru þau rituð upp.

Til að byrja með var unnið úr viðtölum við hjúkrunarfræðingana með reynslu af Alfa hugbúnaðinum. Viðtölin voru lesin vandlega yfir og helstu þemu í þeim fundin. Þemun voru fimm: 1) Tímasparnaður og þægindi; 2) Öryggi; 3) Betri lagerstaða; 4) Starfsánægja; 5) Reynsla af hugbúnaðinum. Beinar tilvitnanir voru teknar úr svörum viðmælenda, en þær voru lýsandi fyrir skoðanir sem komu einnig fram hjá öðrum viðmælendum. Niðurstöður fyrri viðtalanna voru notaðar til að búa til viðtalsramma fyrir seinni viðtalið og líkt og áður, var síðan unnið úr viðtölunum. Að lokum voru helstu niðurstöður teknar saman í ályktunarkafla.

Niðurstöður - tímamæling lyfjapantana

Alls mældi starfsfólk á þremur heimilum hversu langan tíma lyfjapantanir tóku á tímabilinu 10. - 30. desember. Á tveimur heimilum voru mælingar gerðar tvisvar og á einu einu sinni, alls fimm lyfjapantanir.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir mælingarnar fimm, heildartíma sem lyfjapantanir tóku og meðaltal fyrir þann tíma sem tók hvert heimili að panta lyf í hvert skipti. Á einu heimili gleymdist að mæla í eitt skipti (alls áttu að vera sex lyfjapantanir) má gera ráð fyrir því að það mætti bæta um það bil klukkutíma við heildartímann. Þrátt fyrir það myndi meðaltalið væntanlega haldast svipað.

	Mæling 1	Mæling 2	Mæling 3	Mæling 4	Mæling 5	Heild [mín]	Heild [klst]	Meðaltal [mín]
Tími [mín]	58	40	45	50	70	263	4h 23m	53

Alls tóku lyfjapantanirnar 4 klukkustundir og 23 mínútur. Meðaltímalengd lyfjapantana var tæp klukkustund, eða 53 mínútur.

Starfsfólk taldi einnig hversu oft á tímabilinu það þurfti að senda leigubílstjóra í apótek eða á Hlíð/ Lögmannshlíð að sækja lyf. Heimilin svöruðu: 3x, 2x, 3-4x í mánuði. Starfsfólk notaði oftast þjónustu Akureyrarapóteks en þar er frí heimkeyrsla á lyfjum. Einnig hafði starfsfólk á Lögmannshlíð skotist eftir lyfjum á Hlíð. Starfsfólk tók fram í athugasemdum að lyfjapantanir gætu tekið mislangan tíma eftir því hvort hátíðar kæmu inn í skömmtunartímabilið eða ekki, líkt og í kring um jól og páska. Einnig geta komið upp óvæntar aðstæður þar sem þarf að hringja í Lyfjaver og athuga einhver mál.

Niðurstöður - fyrri hluti - reynsla af Alfa

Tímasparnaður og þægindi

Viðmælendur voru sammála um að það helsta sem hefði breyst við innleiðingu Alfa hugbúnaðarins væri tímasparnaður við lyfjapantanir. Einn viðmælandi nefndi að handvirka lyfjapöntunarferlið hefði getað verið þreytandi þar sem starfsfólk hefði þurft að fara yfir lagerinn, ákveða hvað ætti að panta, handskrifa pöntun á blað og faxes blaðið til Lyfjavers. Með tilkomu Alfa sendir Lyfjaver heimilunum sjálfkrafa þau lyf sem vantar og starfsfólk þarf einungis að huga að því að panta ákveðin sérlyf á tveggja vikna fresti. Notkun hugbúnaðarins skapar því þægindi og sparar dýrmætan tíma.

Eins náttúrulega þegar við erum að panta þurfum við ekki að fara yfir allan lyfjaskápinn, bara "Hvað vantar". Núna bara kemur bara "Já ókei það komu bara Laxoberal, það var greinilega farið að vanta". Það tók nú tíma. Þetta er ótrúlega þægilegt.

Föxuðum alltaf blöð sem við skrifuðum inná til Lyfjavers. Þurfti að fara yfir hvert einasta lyf. Já það var slatti sko.

Já það er bara mikill tímasparnaður, ef það vantar eitthvað þurfum við ekki að vera að hringja, þú veist, svona eins og áður hringdum við og þá var þetta svona, "Ég ætla að byrja á að hringja á Austur [Austurhliðar], færa mig svo yfir þarna í nýbygginguna" og svo framvegis, en nú bara slærðu þessu upp í tölvuna og þá sérðu bara hvar þetta er. Það er bara það.

Nú gerum við þetta á tveggja vikna fresti þá pöntum við ef það er eitthvað sérstakt.

Viðmælendur lýstu því að fyrir innleiðingu Alfa hafi handvirkar lyfjapantanir tekið mislangan tíma. Stundum vantaði mikið af lyfjum og stundum ekki. Flestir viðmælendur sögðu það hafa tekið að minnsta kosti hálf tíma í hvert skipti og oft hefði það tekið rúmlega klukkustund. Einn viðmælandi sagði það stundum hafa tekið hálfan daginn að gera lyfjapöntun. Einnig var rætt um að stundum komu upp önnur erindi sem viðkomandi þurfti að sinna í miðri lyfjapöntun. Slíkar truflanir leiddu til þess lyfjapantanir tóku lengri tíma en þær hefðu annars gert. Einnig gat verið erfitt að setjast aftur niður og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Þetta gat alveg tekið, maður gat alveg tekið fjórutíu og fimm mínútur til klukkutíma sko.

Já allavega tveir tímar að lágmarki í hvert skipti.

Maður er náttúrulega miklu lengur þegar maður er truflaður "Hey getur þú komið og gert þetta, kíkkað aðeins á þetta?". Svo þegar maður er búinn að því þá kemur maður aftur að panta og svona, "Já okei hvar var ég?".

Viðmælendur töluðu um að til að byrja með hefði það tekið nokkurn tíma að læra á hugbúnaðinn. Þrátt fyrir það var almennt samþykkt að þegar allt kæmi til alls væri það þess virði og myndi borga sig til lengri tíma. Viðmælendur sögðu að með notkun hugbúnaðarins tæki allt skemmri tíma og erfitt væri að hugsa sér að vera án hans.

Það er alveg þægilegt að nota þetta sko, það tók samt meiri tíma þegar maður var að læra á þetta. Miklu sneggri að ná bara í töfluna í stað fyrir að skanna hana og eitthvað. Svo náttúrulega þegar þetta er komið í vana þá er þetta þægilegra.

Viðmælendur upplifðu aukin þægindi þann við tímasparnað sem Alfa skapaði og voru sammála um að hugbúnaðurinn hefði auðveldað ýmislegt. Sem dæmi nefndu tveir viðmælendur að nú þyrftu hjúkrunarfræðingar ekki lengur að hafa áhyggjur af því að koma úr vaktafrii og hafa ekki nákvæmlega á hreinu hvaða lyf þyrfti að panta og í hvaða magni; Alfa sæi bara um þetta.

Það er einhvern veginn þægilegt að taka á móti lyfjunum því þau eru alltaf bara tilbúin inni í kerfinu, og þá bara gerist það þú veist, þá er það komið inn.

Mér finnst þetta bara mjög þægilegt að nota þetta. Mjög einfalt og þægilegt, já og aðgengilegt.

Líka bara ef maður var kannski búinn að vera í löngu vaktafrii þá er maður ekki alveg inni í hlutunum og þá var stundum flóknara að fara í þessa lyfjapöntun.

Öryggi

Viðmælendur voru nokkuð sammála um að með notkun Alfa hugbúnaðarins skapaðist ákveðið öryggi. Einnig var almennt samþykkt að með hugbúnaðinum skapaðist ákveðin yfirsýn um hvað væri til.

Líka bara þá erum við ekki í vafa bara þú veist, “Vantar þetta núna?”. Þannig að maður er svona öruggur um að það sé í lagi með lagerinn á lausu lyfjunum. Það er nú kannski betri yfirsýn.

Það hefði auðvitað getað gerst að við værum að gera vitlaust þegar við erum með handskrifadar pantanir og faxes. Það gat komið upp að eitthvað faxesist ekki. Oftast frekar vantað í pöntunina en ekki komið neitt vitlaust. Það er náttúrulega líka það að það skapast meira öryggi þegar maður er nokkuð viss um að lyfin skili sér. Það er bara já, öruggara.

Líka bara öryggi upp á töflur eru að tínast og svona.

Betri lagerstaða

Viðmælendur voru almennt sammála um að með tilkomu Alfa hugbúnaðarins yrði lagerstaða betri og ekki yrði lengur til óþarflega mikið af lyfjum. Þannig væri ólíklegra að lyf fyrndust á

heimilunum. Að sama skapi var talið auðveldara að skoða lagerstöðu heimilanna; því væri flett upp í tölvunni, í stað fyrir handvirka talningu.

Ég gæti trúað því, já, við vorum nefnilega líka með svo mikið af lyffjum sem vorum að nota svo sjaldan, vorum með svo stóran lyffjalager. ... Já það er örugglega minna af lyffjum sem fyrnist núna.

Nú eigum við alltaf að vera að telja reglulega, “Hvað er mikið inná lager” og þá er svo auðvelt að fara alltaf yfir þetta.

Starfsánægja

Viðmælendur voru að mestu sammála um að ákveðin starfsánægja gæti falist í notkun Alfa hugbúnaðarins þó ekki allir hefðu fundið fyrir því sjálfir. Sumir nefndu að þetta fyrirkomulag gæti komið í veg fyrir óánægju sem gæti skapast ef það gleymdist að panta lyf.

Ég held það verði meiri ánægja, það er svo auðvelt að vinna með þetta.

Ég finn nú ekki alveg mun á því [starfsánægju]. Auðvitað auðveldar þetta hlutina samt eins og við sögðum áðan, það leiðir örugglega alveg til ánægju ef maður hugsar það þannig. Ef maður hugsar heilt yfir. Náttúrulega þegar það er búið að einfalda hlutina þá verður auðveldara að sinna starfinu. Ætli það sé ekki viss starfsánægja?

Auðvitað var þetta kannski stundum óþægilegt, ... kannski var þetta að gleymast. Það kom alveg fyrir að það var að gleymast og það gat skapast óánægja ef einhver gleymdi að panta inn. Þá þurfti að panta daginn eftir.

Það líka bara fyrirbyggir þirring að það sé ekki eitthvað til, eða að það sé svona mikið búið af einhverju lyfi, bara “Af hverju er ekki búið að panta þetta, hver tók lyf hérna seinast?”

Reynsla af hugbúnaðinum

Samskipti við Þulu

Viðmælendur höfðu verið í mismiklum samskiptum við hugbúnaðarsérfræðinga hjá Þulu en þeir sem höfðu leitað þangað eftir aðstoð voru sammála um að þar hefðu þeir mætt góðu viðmóti og fengið aðstoð eftir þörf. Það var talið jákvætt hversu vel samstarfið á milli fyrirtækjanna þriggja gengi. Þeir sem höfðu ekki leitað til Þulu eftir aðstoð sögðu ekkert vera athugavert við hugbúnaðinn.

Nei ég hef ekki verið í neinum samskiptum við þá. Þetta virkar bara alveg eins og það á að virka. Engin vandamál hafa komið upp.

Já og ef maður þurfti að hringja, og eins ef þeir koma tölvukarlarnir, þá er það aldrei neitt vesen. Maður getur hringt ..., aldrei neitt vesen ... Ef maður festist inn í pöntuninni getur

maður hringt og það er bara ekkert mál. Það eru allir að vilja gerðir til að hjálpast að. Mér finnst það svo æðislegt.

Mér finnst bara gaman hvað við höfum getað unnið vel saman.

Hugbúnaðurinn

Viðmælendur lýstu því að þeim þætti Alfa hugbúnaðurinn mjög sniðugur og með notkun hans væri komin upp meiri samræming á milli heimila. Aðeins eitt var nefnt sem þótti mega betur fara en það varðaði flutning lyfja á milli heimila.

Það er reyndar eitt, mér skilst það eigi að breyta því. Þegar við erum að sækja lyf þá þurfum við að skrá þau líka inn hjá okkur. Svo þau eru skráð út hjá þeim og inn hjá okkur. Smá tvíverknaður. Mér skilst það eigi eftir að breytast í kerfinu. Það hefur smá verið að gleymast að skrá þau líka inn hjá okkur. Maður var kannski á hraðferð og gleymdi að skrá inn.

Almennt séð voru viðmælendur ánægðir með Alfa hugbúnaðinn og sögðu hann vera notendavænan. Nokkrir viðmælendur lýstu því að þeim þætti skemmtilegt að læra á hugbúnaðinn og það væri gaman að sjá hvernig hann yrði þróaður áfram. Viðmælendur sögðu að starfsfólk heimilanna hefði sótt fræðslu um hugbúnaðinn og einnig hefðu allir sem koma að lyfjaumsýslu unnið með hann.

Líka af því þetta er auðvelt, þetta er ekki flókið og þetta er auðvelt að fara inn í þetta. Mjög meðfærilegt.

Viðmótið er gott og mjög notendavænt.

Búið að ganga mjög smooth... búið að ganga vel. Það eru allar sem kunna á þetta.

Já í heildina er maður mjög ánægður með þetta kerfi. Voða lítið neikvætt sem við getum sagt um þetta.

Niðurstöður - seinni hluti - væntingar til Alfa

Væntingar

Rætt var um þær væntingar sem viðmælendur höfðu til Alfa hugbúnaðarins. Almenn samþykkt ríkti um að lyfjapantanir tækju gjarnan langan tíma og því væri tímasparnaður líklega það helsta sem myndi breytast við notkun hugbúnaðarins. Viðmælendur sögðu að lyfjapantanir tækju misjafnlega langan tíma en það skýrðist af ýmsu. Meðal annars af því að íbúar eru misjafnlega veikir og þeir nota mismunandi lyf, ásamt því að margir hjúkrunarfræðingar hjálpast að að sjá um pantanir.

Það verður mjög mikill tímasparnaður að þurfa ekki alltaf að fara yfir allan skápinn, og reyna að pæla í því hvað er til mikið og reikna út. Kannski lendir maður líka ekki í því að það sé allt í einu bara allt búið.

Við þurfum að fara yfir allt og merkja við allt og raða öllu. Verður örugglega ágætis vinnusparnaður sko.

Maður er að hugsa “Er til nóg af þessu?”, og svo kemur allt í einu að allir fengu gyllinæð, þá er gott að losna við að stressa sig við svona “Er til nóg af þessu og er til nóg af hinu?”. Það verður léttir að þurfa ekki að hugsa um það.

Hjúkrunarfræðingar á þeim þremur heimilum sem hafa ekki ennþá innleitt Alfa hugbúnaðinn höfðu verið beðnir um að tímamæla lyfjapantanir. Þegar viðtölin fóru fram átti ennþá eftir að tímamæla tvisvar. Rætt var um hversu mikinn tíma viðmælendur héldu að lyfjapantanir tækju og niðurstaðan var að í hvert skipti væri það að minnsta kosti klukkustund með öllu.

Já þetta er alveg hálf tími, allavega pottþétt bara sem fer í það að fara í gegn um blöðin og sjá hvort það sé einhver sem þarf ákveðin lyf, svo klukkutími þegar maður fer í rúllurnar líka. Líka bara með eitrið, eftirritunarskyldu lyfin að losna við það og telja plástrana og reikna dagana. Það er alveg tími sem fer í það.

Rætt var um það umtal sem Alfa hugbúnaðurinn hefði fengið á heimilinu og hvaða skoðun starfsfólk hefði á hugbúnaðinum almennt. Viðmælendur sögðu ekki hafa verið talað mikið um hugbúnaðinn en það sem um hefði verið rætt væri jákvætt; þeir sem hefðu reynslu af hugbúnaðinum á öðrum heimilum báru honum vel söguna.

Höfum ekki talað mikið um þetta en náttúrulega ef maður fer og fær lyfin á miðlæga, þá náttúrulega eru þær með þetta ... finnst þær bara nokkuð jákvæðar.

Þegar rætt var um lagerstöðu og fyrningar þótti viðmælendum líklegt að með tilkomu Alfa hugbúnaðarins myndi lagerstaða batna töluvert og á sama tíma draga úr fyrningum.

Við erum með rosa mikið af einhverju sem við notum sjaldan og sem er kannski óþarfi að hafa. Það ætti að breytast með þessu.

Það kemur fyrir að lyf fyrnist. Við reynum að vera svolítið vakandi að fara bara með yfir á miðlæga ef við erum ekki að nota það. Svo það sé minni hættu að það fyrnist. Hefur alveg komið fyrir að maður hafi þurft að henda dágóðum slatta. Þannig það gæti alveg minnkað eftir þetta.q

Viðmælendur sögðust getað ímyndað sér að notkun hugbúnaðarins myndi leiða til nákvæmari skráninga; þá væru öll lyf skráð út úr kerfinu og því kæmi ekki upp sú staða að það gleymdist að skrifa hjá sér ef íbúi fær lyf. Í því felst ákveðið öryggi.

Kannski enn betri skráning, því maður þarf alltaf að skanna töfluna út sko. Bara “Æ ég ætla að skrá þetta á eftir” en svo gleymir maður því. Það gleymist alveg stöku sinnum sérstaklega með eftirritunarskyldu lyfin, sérstaklega svona PN-verkjalyf, maður er að drífa sig að geta gefið.

Starfsfólk kvaðst almennt vera áhugasamt fyrir hugbúnaðinum og var spennt að byrja að nota hann.

Ég held það séu allir mjög jákvæðir fyrir þessu ... jú ég held ég verði allavega glaðari þegar ég þarf að panta á fimmtudögum, að losna við þetta.

Erfitt, maður er þínu svona “Ég ætla ekki að hugsa of mikið um þetta”. Maður var svolítið spenntur að fá hann um mánaðarmótin, en svo kom hann [hugbúnaðurinn] ekki, þannig að maður er kannski bara að reyna að gera sér ekki of miklar væntingar.

Held við séum allavega nokkuð spenntar að fá þetta hér að fá þetta sko.

Ályktanir

Það er augljóst að í Alfa hugbúnaðinum felst *tímasparnaður*, sem má meta til fjár. Með hugbúnaðinum taka rafræn lyfjaskráning og pantanir töluvert skemmri tíma en áður, og þannig sparast allt frá einni klukkustund upp í margar klukkustundir á hverju heimili, í hvert skipti sem pantað er.

Samræmi var á milli tímamælinga lyfjapantana og því sem starfsfólk sagði í viðtölum, að lyfjapantanir gætu tekið í kring um klukkustund í hvert skipti. Starfsfólk sagði enn fremur að stundum tæki lengri tíma að panta lyf, til dæmis ef hátíðar koma inn í skömmunartímabilið, líkt og í kring um páska og jól. Að meðaltali sendi starfsfólk eftir lyfjum í apótek eða á Hlíð/Lögmanshlíð þrisvar í mánuði. Þegar lyf eru pöntuð í apótek er notast við þjónustu frá Akureyrarapóteki sem sendir lyfin að kostnaðarlausu heim að dyrum. Stundum skutlast starfsfólk af Lögmanshlíð yfir á Hlíð og sækir þangað lyf. Á næstu mánuðum munu fleiri þættir innan Alfa hugbúnaðarins koma í gagnið, og með því mun pappírsvinna hjúkrunarfræðinga minnka enn frekar. Því gæti verið að tímasparnaður aukist. Ef gert er ráð fyrir að tvær klukkustundir muni sparast á hverju heimili fyrir hverja lyfjapöntun má varlega áætla að tímasparnaður geti náð 240 klukkustundum á ári á Öldrunarheimilum Akureyrar. Með slíkum tímasparnaði er hægt að hagræða og lækka kostnað heimilanna. Enn fremur getur slíkur tímasparnaður veitt starfsfólki töluverðan tíma til að nýta í önnur verkefni, svo sem umhyggju við íbúa.

Rafrænar lyfjapantanir skapa betri yfirsýn yfir lyfjalager og í því felast aukin *þægindi*. Hjúkrunarfræðingar þurfa ekki að fara yfir öll lyf, velta fyrir sér hverjir búa á heimilinu hverju sinni, hvaða pestir eru að ganga og ákveða hversu mikið þarf af lyfjum. Í staðinn sendir Lyfjaver þau lyf sem vantar og hjúkrunarfræðingar þurfa einungis að panta lyf ef það er eitthvað sérstakt sem vantar.

Alfa hugbúnaðurinn stuðlar að auknu *öryggi* í tengslum við lyfjaumsýslu. Dæmi um þetta er að oft eru fleiri en einn einstaklingur á hverju hjúkrunarheimili sem koma að lyfjaumsýslu og sjá um lyfjapantanir. Það getur aukið líkur á því að það gleymist að panta inn lyf eða pantað sé of mikið af lyfjum. Með rafrænum lyfjapöntunum verður lagerstaða á heimilum mun öruggari. Annað dæmi um þetta er þegar íbúa eru gefin lyf og hjúkrunarfræðingur gleymir að skrifa það hjá sér. Með rafrænni skráningu Alfa skapast öryggi; kerfið hefur alltaf upplýsingar hver skráði töfluna út, hvaða íbúi fékk töfluna og hvenær.

Alfa hugbúnaðurinn eykur líkur á því að á lager séu til rétt lyf í réttu magni og *dregur þannig úr fyrningum*. Kostnaður hjúkrunarheimila við fyrnd lyf er gríðarlegur og því má gera ráð fyrir að í þessu felist mikill sparnaður.

Talið er nokkuð víst að Alfa hugbúnaðurinn muni auka *starfsánægju* á heimilunum. Hugbúnaðurinn auðveldar ýmis ferli tengd lyfjaumsýslu sem leiðir til þess að starfsfólk á auðveldara með að sinna starfi sínu, sem fyrirbyggir streitu og þirring. Með því eykst starfsánægja bæði beint og óbeint.

Almennt séð fann starfsfólk fyrir ánægju með hugbúnaðinn og þótti hann notendavænn. Enn fremur lýsti starfsfólk góðu samstarfi á milli fyrirtækjanna þriggja en það er mjög jákvætt hversu vel samstarfið hefur gengið hingað til.

Samantekt

Alfa hugbúnaðurinn er samstarfsverkefni á milli Öldrunarheimila Akureyrar (ÖA), Þulu - Norræns hugvits ehf. og Lyfjavers, en ÖA er fyrsta hjúkrunarheimilið á Íslandi sem prófar Alfa hugbúnaðinn. Tilgangur þessarar skýrslu var að taka saman hvernig hugbúnaðurinn hefur reynst á ÖA hingað til. Alfa hugbúnaðurinn hefur gefið góða raun í þá mánuði sem hann hefur verið í notkun og ljóst er að hann sparar tíma, eykur þægindi og skapar aukið öryggi í lyfjaumsýslu. Starfsfólk var almennt ánægt með Alfa hugbúnaðinn og þótti hann bæði notendavænn og meðfærilegur. Starfsfólk sem ekki hafði reynslu af hugbúnaðinum var spennt fyrir framhaldinu. Í ljósi þessa er ekki annað hægt en að mæla með því að aðrar heilbrigðisstofnanir fylgist með framvindu mála.

Viðauki 1 - Upplýsingar um verkefnið

Fyrir hjúkrunarfræðinga með reynslu af Alfa

Tilraunaverkefnið Alfa

Markmið tilraunaverkefnisins Alfa er að ná fram framleiðniaukningu og hagræðingu í rekstri, ásamt því að auka gæði og öryggi í starfi. Verkefnið hefur verið í vinnslu á tveimur heimilum Öldrunarheimila Akureyrar, Austur- og Vesturhlíðum, síðan í desember 2014.

Vegna innleiðingar Alfa hugbúnaðarins var ákveðið að hefjast handa við að meta árangur og ávinning verkefnisins. Ávinning verkefnisins má meðal annars meta með því að kanna hversu langan tíma ákveðin lyfjaumsýsla, til dæmis lyfjapantanir, tekur hjúkrunarfræðinga. Þannig verður hægt að nýta sér niðurstöðurnar í frekari framþróun á Alfa hugbúnaðinum.

Mig langar til að bjóða þér að taka þátt í því að meta árangur verkefnisins með því að hitta mig í svokölluðum rýnihóp, ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum sem hafa reynslu af notkun Alfa hugbúnaðarins. Í rýnihópnum verður spjallað um lyfjaumsýslu og Alfa hugbúnaðinn.

Fyrirkomulag

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt ertu beðin um að skrifa undir svokallaða samþykkisyfirlýsingu. Fyrirhugað samtal verður _____ kl. _____ og mun taka u.þ.b. hálf tíma.

Trúnaður

Nafnleynd er heitið og nöfn og persónugreinanlegar upplýsingar munu hvergi koma fram.

Réttur þinn

Þátttakandi getur hætt þátttöku hvenær sem er, án skýringa.

Ávinningur

Með þátttöku í verkefninu fá þátttakendur tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum varðandi Alfa hugbúnaðinn. Niðurstöðurnar nýtast í frekari þróun á hugbúnaðinum og koma sér vel fyrir Öldrunarheimili Akureyrar, sem og aðrar heilbrigðisstofnanir sem munu koma til með að nýta sér hugbúnaðinn síðar.

Nánari upplýsingar

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um verkefnið getur þú snúið þér til mín í síma 867-1195.

Bestu kveðjur,
María Guðnadóttir

Viðauki 2 - Upplýsingar um verkefnið

Fyrir hjúkrunarfræðinga sem hafa ekki reynslu af Alfa

Tilraunaverkefnið Alfa

Í desember 2014 hófst samstarf á milli Öldrunarheimila Akureyrar, Þulu - Norræns hugvits ehf. og Lyfjavers. Samstarfið felst í tilraunaverkefni sem snýst um að innleiða hugbúnað sem inniheldur meðal annars rafræna lyfjaskráningu og lyfjalager. Með tilkomu hugbúnaðarins sjá samstarfsaðilar fram á framleiðni aukningu og hagræðingu í rekstri, ásamt því að gæði og öryggi í starfi aukist. Hugbúnaðurinn, sem gengur undir nafninu Alfa, var tekinn inn á tveimur heimilum innan Öldrunarheimila Akureyrar, Austur- og Vesturhlíðum, til prófunar.

Vegna innleiðingar Alfa hugbúnaðarins var ákveðið að hefjast handa við að meta árangur og ávinning verkefnisins. Ávinning verkefnisins má meðal annars meta með því að kanna væntingar starfsfólks til hugbúnaðarins.

Mig langar til að bjóða þér að taka þátt í því að meta árangur verkefnisins með því að hitta mig í svokölluðum rýnihóp, ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum sem hafa ekki ennþá reynslu af notkun Alfa hugbúnaðarins. Í rýnihópnum verður spjallað um lyfjaumsýslu og væntingar starfsfólks til hugbúnaðarins.

Fyrirkomulag

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt ertu beðin um að skrifa undir svokallaða samþykkisyfirlýsingu. Fyrirhugað samtal verður _____ kl. _____ og mun taka u.þ.b. korter.

Trúnaður

Nafnleynd er heitið og nöfn og persónugreinanlegar upplýsingar munu hvergi koma fram.

Réttur þinn

Þátttakandi getur hætt þátttöku hvenær sem er, án skýringa.

Ávinningur

Með þátttöku í verkefninu fá þátttakendur tækifæri til að koma á framfæri væntingum varðandi Alfa hugbúnaðinn. Niðurstöðurnar nýtast í frekari þróun á hugbúnaðinum og koma sér vel fyrir Öldrunarheimili Akureyrar, sem og aðrar heilbrigðisstofnanir sem munu koma til með að nýta sér hugbúnaðinn síðar.

Nánari upplýsingar

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um verkefnið getur þú snúið þér til mín í síma 867-1195.

Bestu kveðjur,
María Guðnadóttir

Viðauki 2 - Samþykkisyfirlýsing

Nafn: _____

Hér með staðfestist að ég hef lesið kynningarbréfið varðandi verkefnið.

Ég samþykki hér með að taka þátt í verkefninu. Mér er ljóst að ég hef rétt til þess að hætta þátttöku hvenær sem er og mér er heitið fullum trúnaði varðandi þátttöku í verkefninu.

Dagsetning: _____

Samþykki þátttakanda: _____

Samþykki rannsakanda: _____

Viðauki 3 - Viðtalsrammi eitt

Ætlaður hjúkrunarfræðingum sem hafa reynslu af Alfa hugbúnaðinum

Viðtalsrammi sem er gerður til stuðnings í viðtalinu til að halda umræðum innan ákveðins ramma.

Alfa hugbúnaðurinn

Hversu lengi hafið þið verið að nota Alfa hugbúnaðinn?

Hvað er það helsta sem þið teljið að hafi breyst í lyfjaumsýslu við að taka inn Alfa hugbúnaðinn?
Hvernig þá?

Hvað finnst þér gagnlegast í tengslum við hugbúnaðinn?

Er eitthvað sem þér finnst mega breytast í tengslum við hugbúnaðinn, hvað þá?

Væntingar

Finnið þið fyrir merkjanlegum tímasparnaði við notkun hugbúnaðarins?

Teljið þið að uppsetning hugbúnaðarins muni eða hafi leitt til bættri þjónustu við íbúa, og hvernig þá?

Teljið þið að með það felist aukið öryggi við notkun hugbúnaðarins, og að hvaða leyti?

Teljið þið að notkun hugbúnaðarins hafi leitt til breyttrar lagerstöðu á einhvern hátt, og hvernig þá?

Teljið þið að notkun hugbúnaðarins hafi aukið eða dregið úr magni fyrndra lyfja, og að hvaða leyti?

Að lokum, teljið þið að notkun hugbúnaðarins muni eða hafi leitt til breytingar á starfsánægju, og hvernig þá?

Er eitthvað annað sem ykkur langar að koma á framfæri?

Viðauki 4 - Viðtalsrammi tvö

Ætlaður hjúkrunarfræðingum sem hafa ekki reynslu af Alfa hugbúnaðinum

Viðtalsrammi sem er gerður til stuðnings í viðtalinu til að halda umræðum innan ákveðins ramma.

Alfa hugbúnaðurinn

Hafið þið fengið fræðslu um Alfa hugbúnaðinn sem Austur- og Vesturhlíðar hafa tekið inn?

Miðað við það sem þið vitið um hugbúnaðinn, hvað er það helsta sem þið teljið að muni breytast við að innleiða hann, og hvernig þá?

Hvernig er innkaupum lyfja háttáð núna og hvernig teljið þið að það muni koma til með að breytast með tilkomu hugbúnaðarins?

Hvað finnst ykkur skipta mestu máli að breytist í lyfjaumsýslu við notkun hugbúnaðarins?

Væntingar

Getið þið ímyndað ykkur að notkun hugbúnaðarins leiði til tímasparnaðar og aukinna þæginda, og hvernig þá?

Teljið þið að með notkun hugbúnaðarins skapist aukið öryggi á heimilum, og að hvaða leyti?

Teljið þið að lagerstaða muni breytast, minnka eða aukast við notkun hugbúnaðarins, og hvernig þá?

Að lokum, haldið þið að starfsánægja á heimilunum muni breytast þegar þið hafið byrjað að nota Alfa hugbúnaðinn, og að hvaða leyti?

Er eitthvað annað sem ykkur langar að koma á framfæri?

Viðauki 5 - Eyðublað um lyfjapantanir

Lyfjaumsýsla - lyfjapantanir

Tilraunaverkefnið Alfa

Markmið verkefnisins er að ná fram framleiðniaukningu og hagræðingu í rekstri, ásamt því að auka gæði og öryggi í starfi. Verkefnið hefur verið í vinnslu á tveimur heimilum Öldrunarheimila Akureyrar, Austur- og Vesturhlíðum, síðan í desember 2014.

Vegna innleiðingar Alfa hugbúnaðarins hefur verið ákveðið að hefjast handa við að meta árangur og ávinning verkefnisins. Þannig verður hægt að nýta sér niðurstöðurnar í frekari framþróun á Alfa hugbúnaðinum.

Hversu langan tíma taka lyfjapantanir?

Ávinning verkefnisins má meðal annars meta með því að kanna hversu langan tíma það tekur hjúkrunarfræðinga að panta inn lyfin í hvert skipti. Þetta er svokölluð grunnmæling, sem síðar verður hægt að nota til að bera saman við tímann sem það tekur tölvukerfið að gera lyfjapantanir. Þannig má fá hugmynd um þann tíma sem sparast með notkun hugbúnaðarins.

A)

Hér fyrir neðan má sjá töflu sem hjúkrunarfræðingur fyllir út í næstu tvö skipti sem pöntuð eru inn lyf. Fylla þarf út dagsetningu lyfjapöntunar, nafn heimilis og tímalengd (frá því hjúkrunarfræðingur byrjar og þar til hann hefur lokið við að panta inn lyf).

Ef það eru tveir eða fleiri hjúkrunarfræðingar sem sjá um lyfjapantanir, skráir sá hjúkrunarfræðingur sem sér um pantanir í það skiptið.

Ath. Í töflunni eru nokkrar línur til viðbótar ef ákveðið yrði að framlengja tímann sem mælingar eru skráðar.

Dagsetning	Heimili	Nafn	Tímalengd [mín]

Hér fyrir neðan má sjá tvær spurningar sem má hafa í huga á tímabilinu frá því að næst eru pöntuð inn lyf og þar til þau eru pöntuð aftur (u.þ.b. tveggja vikna tímabil).

B)

Hversu oft á tímabilinu sendir þú leigubíl/bílstjóra eftir lyfjum í apótek?

Lyf sótt í apótekið _____, _____ sinnum á tímabilinu _____ til _____

C)

Hversu oft á tímabilinu sendir þú leigubíl/bílstjóra eftir lyfjum í Hlíð/Lögmanshlíð?

Lyf sótt á _____, _____ sinnum á tímabilinu _____ til _____

Þegar blaðið hefur verið fyllt út má koma blaðinu í hendur Helgu Erlingsdóttur, hjúkrunarforstjóra.